

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um gengistryggðar og verðtryggðar eignir og skuldir bankanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver er verðtryggingajöfnuður skulda og eigna nýju bankanna, sundurliðað eftir bönkum? Eru líkur á að nýju bankarnir hagnist á verðbólgu ef verðtryggðar eignir eru miklar í hlutfalli við verðtryggðar skuldir?
2. Hyggst fjármálaráðherra grípa til aðgerða svo að koma megi í veg fyrir að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings vegna verðbólgu?
3. Hver er gjaldeyrisjöfnuður nýju bankanna, sundurliðað eftir bönkum? Hver eru áhrif veikingar og styrkingar krónunnar á hag nýju bankanna miðað við stöðu á gjaldeyrisjöfnuði þeirra?
4. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að ríkið hagnist óeðlilega á kostnað almennings af veikari krónu?

Skriflegt svar óskast.